



EFNI:

Samræmd skráning heilbrigðis- upplýsinga	bls. 1
Heilsueflandi grunnskóli	bls. 3

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

SAMRÆMD SKRÁNING HEILBRIGÐISUPPLÝSINGA

Fyrir tæpu ári fluttist ábyrgð og yfirumsjón með sjúkraskrá á landsvísu, þ.m.t. þróun og framkvæmd rafrænnar sjúkraskrár og rafrænna samskipta á heilbrigðisupplýsingum, til Embættis landlæknis. Verkefnum sem tengjast rafrænni sjúkraskrá og samræmdri skráningu er sinnt af starfsfólki heilbrigðisupplýsingasviðs.

Stefnumótun

Á síðasta ári var [stefna](#) embættisins fyrir árin 2012-2016 gefin út. Þar er m.a. lögð áhersla á að samræma skráningu í heilbrigðisþjónustu. Sett var fram það markmið að árið 2016 verði búið að koma á fót miðlægri þjónustueiningu innan embættisins til að leiðbeina heilbrigðisstarfsmönnum um skráningu heilbrigðisupplýsinga. Tilgangurinn er að samræma og auka gæði skráningar innan heilbrigðisþjónustunnar um land allt. Mikilvægt er að upplýsingar sem safnað er um heilbrigðisþjónustu nýtist sem best til að fylgjast með heilsufari landsmanna, en samkvæmt lögum um landlækni nr. 41/2007 og reglugerð um heilbrigðisskrár nr. 548/2008 er landlækni ætlað að skipuleggja og halda heilbrigðisskrár. Heilbrigðisskrárnar eru m.a. notaðar við gæðaeftirlit, rannsóknir og gæðapróun innan heilbrigðisþjónustunnar, en samræmd skráning er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samiburð á heilbrigðisþjónustu á milli stofnana og landshluta.

Verklagsreglur og gæðastjórar skráningar

Skráning í sjúkraskrá þarf að fylgja ákveðnum stöðlum og verklagsreglum til að tryggja áreiðanleika og samiburð á upplýsingum á milli stofnana. Til að svo megi vera hefur embættið, allt frá árinu 1999, gefið út

fyrirmæli um lágmarksskráningu; þ.e. „Lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum“ og „Lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á læknastofum“. Þegar er hafin vinna við að samræma verklagsreglur fyrir skráningu í rafræna sjúkraskrá á sjúkrahúsum landsins. Einnig hefur embættið umsjón með útgáfu og dreifingu þeirra flokkunarkerfa sem nota skal við skráningu í heilbrigðisþjónustu.

Í lok síðasta árs óskaði embættið eftir því að hver heilbrigðisstofnun/læknastofa tilnefndi gæðastjóra skráningar á heilbrigðisupplýsingum á sinni stofnun/læknastofu. Góð viðbrögð voru við þessum tilmælum og hafa gæðastjórar frá öllum heilbrigðisstofnunum og heilsugæslustöðvum verið tilnefndir, svo og hjá flestum læknastofum. Hlutverk gæðastjóra er m.a. að leiðbeina og styðja við samræmda skráningu á heilbrigðisupplýsingum á sinni stofnun. Hér fyrir neðan má sjá hvaða hlutverki gæðastjórar gegna.

- Er tengiliður stofnunar/læknastofu við Embætti landlæknis um málefni er varða gæði skráningar á heilbrigðisupplýsingum.
- Stuðlar að því að skráning í sjúkraskrá sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og tilmæla um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu (í samráði við ábyrgðar- og umsjónaraðila sjúkraskrár, ef annar aðili).
- Miðlar og innleiðir ferla sem lúta að stöðlum og samræmdri skráningu (verklagsreglur og leiðbeiningar), t.d. með reglubundinni kennslu til allra starfsmanna sem skrá í sjúkraskrá.
- Miðlar áfram ábendingum Embættis landlæknis um úrbætur er varða skráningu.

*Gæðastjórar
skráningar frá öllum
heilbrigðis-
stofnunum og
heilsugæslustöðvum
hafa verið tilnefndir.*

- Sér um innri úttekt á gæðum skráningar í samræmi við ákvæði laga og reglna.
- Miðlar upplýsingum til Embættis landlæknis um þörf á stuðningi embættisins og leiðbeiningum um samræmda skráningu í heilbrigðisþjónustu.

Gæðastjórar á öllum sjúkrahúsum landsins hafa þegar fundað með starfsmönnum embættisins einu sinni og búið er að skipuleggja annan vinnudag í byrjun mars. Eitt af fyrstu verkefnum þessa hóps er að samræma verklagsreglur og leiðbeiningar um skráningu í sjúkraskrá á sjúkrahúsum landsins og er sú vinna þegar langt komin.

Nýjasta uppfærsla á sjúkraskrárkerfinu Sögu

Í nýjustu útgáfu sjúkraskrárkerfisins Sögu ber helst að nefna nýjungar eins og atvikaskráningu og endurbætta skráningu á ofnæmi og ópoli hjá sjúklingum, sænskar vaxtarkúrfur barna og forgangsheiti í kóðaleit innan heilsugæslunnar. Markmiðið með þessum viðbótum við sjúkraskrárkerfið er að stuðla að auknu öryggi í meðferð sjúklinga með betri möguleikum á skráningu. Þessari útgáfu verður fylgt eftir um allt land með heimsóknum starfsmanna frá Embætti landlæknis í þeim megintilgangi að tryggja samræmi í skráningunni.

**G. Auður Harðardóttir
Kristín Þorbjörnsdóttir**

HEILSUEFLANDI GRUNNSKÓLI

Árið 1992 hófst í Evrópu verkefnið *European Network of Health Promoting Schools* sem var samstarfsverkefni Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar, Evrópuráðsins og Evrópu-sambandsins. Verkefnið miðar að því að efla vitund og áhuga kennara og nemenda á heilsuefningu þar sem lögð er rík áhersla á samstarf við foreldra og samfélag. Rúmlega fjörutíu lönd í Evrópu taka þátt í því og varð Ísland formlegur þátttakandi í verkefninu í maí 1999. Fyrstu árin skipulagði Landlæknis-embættið verkefnið hér á landi en síðan Lýðheilsustöð. Árið 2008 hófst samstarf við Egilsstaðaskóla og hefur hann verið forystuskóli verkefnisins. Í núverandi mynd hófst verkefnið með formlegum hætti árið 2010. Í dag eru 47 skólar þátttakendur og starfa í anda Heilsueflandi grunnskóla.

Verkefnið byggir á heildrænni nálgun þar sem unnið er með öllu skólasamfélaginu. Skólar eru hvattir til að koma sér upp og fylgja heildstæðri og vel skipulagðri heilsuefningarstefnu sem er samvinnuð öllu skólasterfi. Rannsóknir sýna að heildræn stefna í heilsuefningu stuðlar að góðri heilsu og líðan starfsfólks og nemenda, sem skilar sér í góðum námsárangri nemenda.

Starfið er skipulagt með áherslum á eftirfarandi átta þætti: Nemendur, starfsfólk, hreyfingu og öryggi, mataræði og tannheilsu, heimili, geðrækt, lífsleikni og nærsamfélag. Enda þótt stefna skólans taki til allra þessara þátta er mælt með að vinna sérstaklega að einum eða tveimur þáttum á hverju skólaári. Raunhæft er að skólar gefi sér fimm til sjö ár í að innleiða stefnuna. Á heimasíðu Embættis landlæknis er hægt að nálgast nánari upplýsingar um [Heilsueflandi grunnskóla](#).

Embætti landlæknis hefur boðið skólum að fá ráðgjafa til sín til að hitta stýrihópa verkefnisins og vera með kynningu fyrir starfsfólk skólans. Margir skólar hafa nýtt sér þessa þjónustu. Þá hefur Embætti landlæknis (áður Lýðheilsustöð) staðið fyrir árlegum ráðstefnum um Heilsueflandi skóla og verður næsta ráðstefna í ágúst 2013.

Könnun Heilsueflandi grunnskóla


Skólum sem taka þátt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli er ætlað að setja fram í skýru máli þau markmið sem sátt hefur náðst um að stefna að og hvernig þeim skuli náð. Markmiðin verða

*Tæplega þriðjungur
skóla hefur sett fram
heildiræna
heilsuefningarstefnu
og flestir skólar ætla
að leggja áherslu á
hreyfingu og öryggi
skólaárið 2012-
2013*

að vera raunhæf og aðgerðirnar innan þeirra marka sem skólarnir ráða við. Skólarnir skrá aðgerðir og áætlanir á sérstakt vefsvæði til að hægt sé að meta og sjá framvinduna.

Til að kanna hvernig skólunum miðar áfram sendi Embætti landlæknis út könnun í desember 2012 til þeirra 47 grunnskóla sem starfa í anda Heilsueflandi grunnskóla. Flestir skólar hafa sett

í forgang einn eða tvo þætti fyrir skólaárið 2012–2013, en 29 skólar af 47 hafa svarað könnuninni. Niðurstöður sýna að tæplega þriðjungur svarenda hefur sett fram heildræna heilsueflingarstefnu eins og gert er ráð fyrir (Mynd 1). Þar kemur einnig fram að langflestir skólar ætla að leggja áherslu á hreyfingu og öryggi skólaárið 2012–2013 (Tafla 1).



Mynd 1. Fjöldi skóla sem hafa sett fram heildræna stefnu í samræmi við áherslur heilsueflandi grunnskóla.

Hvaða þættir Heilsueflandi grunnskóla verða í forgangi í þinum skóla skólaárið 2012-2013?	
Mataræði/tannheilsa	6
Hreyfing/öryggi	11
Geðrækt	7
Lífsleikni	9
Nemendur	9
Heimlí	5
Starfsfólk	9
Nærsamfélag	4

Tafla 1. Þeir þættir sem heilsueflandi grunnskólar setja í forgang skólaárið 2012-2013.


Skólinn og skólaheilsugæslan starfa saman að því að ná fram þeim markmiðum sem skólinn setur sér. Flestir Heilsueflandi grunnskólar eru í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing (Mynd 2).

Þeir grunnskólar sem eru nú þegar þátttakendur eru mislangt á veg komnir í heilsueflingarstarfinu. Margir skólar höfðu þegar lagt áherslu á marga af þeim heilsueflingarþáttum sem verkefnið byggist á áður en þeir sóttu um þátttöku. Hver skóli stýrir sjálfur ferðinni og

hversu hratt hann ætlar að ná því markmiði að verða Heilsueflandi grunnskóli með heildstæða stefnu í heilsueflingu og tímasetta aðgerða-áætlun ásamt skólanámskrá sem tekur mið af stefnunni. Þátttökuskólar munu skrá niður aðgerðir og áætlanir á sérstakt vefsvæði til að meta og sjá framvinduna.

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér [Heilsueflandi skóla](#) á vef Embætti landlæknis.

Ingibjörg Guðmundsdóttir



Mynd 2. Fjöldi skóla sem eru í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.